

## Stjórnarfundur 6. mars 2023

Félagsheimili Ljúfs.

1. Það er búið að merkja fyrir hringgerði. Gummi Trölla fer strax að vinna í planinu.
2. Punktur frá Beitar- og mannvirkjanefnd ræddir og spurningum svarað og útbúið til að senda til baka á formann nefndarinnar.
3. Viljum setja upp fríðindakerfi fyrir þá félagsmenn sem eru að skila mikilli vinnu í þágu Ljúfs. Setja upp Excel skjal til að halda utanum vinnutíma sjálfboðaliða.
4. Ragga fór á fund með Elliða í Ölfus til að ræða um reiðhöll. Hann var ekki frásnúinn því að gefa Ljúf styrk fyrir reiðhöll. En kom með hugmynd um að styrkja Ljúf til að gera leigusamning um afnot af reiðhöll á svæðinu. Stjórn er að athuga hvaða reiðhöll væri hægt að leigja en heldur áfram að vinna með reiðhallarnefnd að því að koma byggingu reiðhallar í gang.
5. Ragga talaði við Geir og við getum talað við Höskuld um að græja skiltin til að merkja svæðið og reiðvegi.  
Ræddi sleðabrautina og kom á framfæri að stjórn sé uggandi yfir slíkri framkvæmd í návígi við hestamenn.
6. Viljum ekki að reiðvegum verði lokað þegar Hengill Ultra er í gangi. Fáum við borgað fyrir afnot reiðvega? Ragga mun taka þetta upp á fundi með bæjarstjóra.
7. Deiliskipulagsmál. Ragga fer á fund á fimmtudag 9. mars.